

Samantekt
Hagsmunaráð fundur nr. 3

2017-09-35

Fundarstaður: Gylfaflöt 9**Dagsetning:** 31.01.2019**Fundartími:** 13.30- 15.30**Fundarritari:** Elín Sigríður Óladóttir**Mættir:**

Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
Anna Lea Gestsdóttir (ALG)	Byggðastofnun
Arnar Guðmundsson (AG)	Íslandsstofa
Auður H. Ingólfssdóttir (AHI)	Háskólinn á Akureyri
Berglind Rán Ólafsdóttir (BRÓ)	Samorka/Orkuframléiðendur
Einar Torfi Finnsson (ETF)	Samtök ferðaþjónustunnar
Eiríkur Blöndal (EB)	Bændasamtök Íslands
Erla Guðný Helgadóttir	Félag ungra umhverfisfræðinga
Erna Björnsdóttir	Íslandsstofa
Hjalti Jóhannesson (HJ)	Háskólinn á Akureyri
Karl Ingólfsson (KI)	Landvernd
Kristján Þórður Snæbjarnarson (KPS)	Alþýðusamband Íslands
Lárus Ólafsson	Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur)
María Sigríður Guðjónsdóttir	Háskóli Reykjavíkur
Ragnar Guðmundsson (RG)	Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur)
Ragnar Kristjánsson (RK)	Háskóli Reykjavíkur
Tryggvi Þór Haraldsson (TPH)	Samorka/Dreifiveitur
Þorgerður María Þorbjarnardóttir	Félag ungra umhverfisfræðinga
Frá Landsneti	
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Samráðsfulltrúi
Guðlaug Sigurðardóttir (GS)	Framkvæmdarstjóri fjármálasviðs
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)	Forstjóri
Páll Jensson (PJ)	Formaður hagsmunaráðs
Svandís Hlín Karlsdóttir (SHK)	Viðskiptastjóri
Frá Eflu	
Jón Vilhjálmsson (JV)	Rafmagnsverkfræðingur

Dagskrá:

- **Yfirferð síðasta fundar, dags, 31.10.2018.**
Páll Jensson, formaður hagsmunaráðs
- **Kerfisáætlun Landsnets**
Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets,
- **Umfjöllun um gjaldskrá Landsnets og samburður á kostnaði við raforkuflutning og dreifingu**
*Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdarstjóri fjármálasviðs Landsnets,
Svandís Hlín Karlsdóttir, viðskiptastjóri Landsnets
Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur M,Sc, sviðsstjóri, Eflu*
- PJ opnaði fundinn og kynnti dagskrá fundarins.
- GÍÁ kynnti stöðu kerfisáætlunar, greindi frá samþykki kerfisáætlunar fyrir tímabilið 2017 – 2028 og vinna væri hafin vegna nýrrar áætlunar fyrir árin, 2019-2028. GÍÁ kynnti fyrirhugaðan vinnufund hagsmunaráðs sem er á áætlun á næstu vikum sem og fund í byrjun maí þar sem kerfisáætlun verður kynnt.
- Það kom fram ósk að loknu erindi Guðmundar að haldin verði fundur sérstaklega með stórnotendum þar sem kerfisáætlun er kynnt. Elín tekur að sér að koma þeim fundi
- **Umfjöllun um gjaldskrá Landsnets og samburður á kostnaði við raforkuflutning og dreifingu**
*Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdarstjóri fjármálasviðs Landsnets,
fjallaði um tekjumörkun gjaldskrár*
- Umræður um WACC og forsendur í útreikningum. Spurt var um endurgreiðslu vegna oftekinna tekna fyrri ára. Með reglugerðarákvörðun ráðuneytneysisins í byrjun árs 2016 hafi verið ljóst hver leyfð arðsemi félagsins var fyrir árin 2011 – 2015 og þá hafi gjaldskráin verið löguð í samræmi við það.
- Guðrún:
- Svör:
 - **Svandís Hlín Karlsdóttir, viðskiptastjóri Landsnet, fjallaði um uppbyggingu gjaldskrár Landsnets**
- **Spurning:** Þegar einstakir raforkuframleiðendur vilja kaupa af öðrum raforkuframleiðindum, fara þau viðskipti í gegnum ykkur?
- **Svar/Svör:** Kaup og sala raforku fer ekki í gegnum okkur nema frávík eigi sér stað í rauntíma hvað varðar stýringu á kerfinu.
- **Spurning:** Núverandi gjaldskrá er búin að vera frá 2005, stendur til að endurskoða hana og á hvaða grunni er sú ákvörðun tekin?.

- **Svar/svör:** Eitt er það að hún er búin að vera síðan árið 2015. Markaðsaðstæður hafa breyst mikið á þessum árum og endurskoðun er til að kanna hvort hún sé að þjóna tilgangi sínum.
- **Spurning:** Spurt hvort mynd af tekjuskiptingu gefi ekki villandi mynd vegna þeirra samninga á milli einstakra fyrirtækja um raforkukaup þar sem flutningur gæti verið innifalin.
- **Svar/svör:** Myndin um tekjuskiptinguna sýnir hvað virkjanir greiða til flutningskerfisins annars vegar og notendur hins vegar, skipt eftir dreifiveitum og stórnotendum. Þá er horft til þess að tekjur koma inn vegna notkunar (afl og orku) hjá stórnotendum og fjölda tengipunkta hjá virkjunum (afhendingargjald). Ekki er horft til viðskiptagjörninga sem geta legið þar á bakvið eins og einstaka samningar milli framleiðenda og t.d. stórnotenda og þá hver greiðir fyrir hvern.
- **Ábending:** Vandamálið að hugtakið stórnotandi er allt of vítt hugtak, þarf að skilgreina betur
- **Svar/svör:** Það hafa komið inn og eru að koma inn fjölbreyttari stórnotendur og því verðugt að velta þessu fyrir sér. Hvort hugtakið er of vítt eða hvort skilgreina þurfi undirflokk.

Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur M,Sc, sviðsstjóri, Eflu

- **Ábending:** um að það vanti samanburð á milli stórnotenda þ.e. þeirra sem nota yfir 400, 500 mw.
- **Svar/svör:** Munum kanna fyrir næstu fundi hvernig við getum farið yfir það.
- **Spurning:** Vindmyllugarður sem framleiðir óreglulega inn á kerfið, er kerfið að e.h. leyti tilbúið að taka við því?
- **Svar/svör:** Vantar heildsölumarkað á raforku á Íslandi þar sem framleiðandi af þessu tagi getur selt inn á.

Páll þakkaði góð innlegg og ábendingar frá fundarmönnum. Búið að ákveða að mestu efni tveggja næstu funda, vinnufundur í á næstu vikum og fund í byrjun maí. Næsti fundur er hugsaður sem vinnufundur, erum með hugmyndir að þemu en Páll nefndi að gott væri ef fulltrúar væru með efni sem þeir myndu vilja að yrði fjallað um að senda á Elínu. Á fundinum 2. maí verður kerfisáætlun kynnt. Ef þörf er á verður haldinn fundur eða fundir á milli eftir efni og aðstæðum. Stefnan er að funda frekar ört á fyrstu mánuðum til að ráðsins þar sem hafin er vinna að næstu kerfisáætlun fyrir árin 2019 – 2028 og mikilvægt að ráðið sé vel inn í þeirri vinnu sem þar fer fram.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15.30